# Fósturmál í Reykjavík



Hlutverk og verkefni starfsmanna
Barnaverndar Reykjavíkur

# Barnavernd Reykjavíkur

- Könnunarteymi (8 starfsmenn)
- Meðferðarteymi (9 starfsmenn)
- Fósturteymi (9 starfsmenn)
- 2 lögfræðingar, 2 sálfræðingar, 2 eftirlitsmenn, 4 þjónustufulltrúar

# Fósturteymi

- Í teyminu starfa 8 manns, verðum fljótlega 9.
- Deildarstjóri, tveir ráðgjafar og 5 félagsráðgjafar.
- Meðalstarfsaldur í barnavernd í teyminu er  rúmlega 10 ár.
- Meðferðarfundir eru einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 9-13.
- Þá tökum við fyrir allt sem þarf að bóka, allt að 20 mál bókuð vikulega, að mestu ákvarðanir er varða fósturbörn.

# Verkefni starfsmanna:

- Könnun í málum systkina fósturbarna
- Meðferðarmál hjá systkinum fósturbarna
- Vistanir skv. 84. gr. barnaverndarlaga
- Tímabundið fóstur
- Varanlegt fóstur
- Styrkt fóstur
- Vistun vegna 3. gr. barnaverndarlaga, þ.e. eldri en 18 ára
- Umsagnarmál frá sýslumanni vegna 32. gr. barnalaga
- Umsagnarmál frá Sýslumanninum Reykjavík vegna ættleiðingar
- Umsagnarmál frá Barnaverndarstofu
- Umsagnarmál vegna stuðningsfjölskyldna

# Vistun utan heimilis sbr. 84.gr. barnaverndarlaga

- Tilkynna þarf til Barnaverndarstofu sbr. 44. gr. Reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitafélaga, þegar barn er vistað utan heimilis. Er það gert með eyðublaði sem finna má á innri vef Barnaverndarstofu.

- Því næst er sótt um vistun skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 til Barnaverndarstofu. Umsókninni þarf að fylgja:

  - A. Greinargerð um ástæðu vistunarinnar og aðstæður barnsins í vistuninni. Smá úttekt á vistunaraðilum og hvernig skal vinna með foreldrum á meðan vistun stendur.

  - B. Samþykki vistunaraðila fyrir því að Barnaverndarstofa megi leita eftir fullu sakavottorði.

  - C. Læknisvottorð fyrir væntanlegt fósturforeldri/vistforeldri.

# Tímabundið fóstur
# sbr. 65. gr. barnaverndarlaga

- **Hvaðan koma málin:**

- Könnunarteymi
- Meðferðarteymi
- Fósturteymi
- Úthlutunarfundur



# Ferlið:

- Samþykki forsjáraðila
- Yfirlýsing forsjárlaus foreldris
- Barni boðinn/skipaður talsmaður
- 15 ára og eldri boðin aðstoð lögmanns
- Meðferðaráætlun
- Úrskurður ef ekki næst samvinna
- Sótt um til Barnaverndarstofu, greinargerð og umsóknareyðublað
- Leit hafin af fósturforeldrum
- Samband við skóla í sveitarfélagi fósturheimilis
- Farið í heimsókn með foreldrum og barni, aðlögun
- Fóstursamningur og tilkynning um gerð fóstursamnings til Bvs
- Fósturáætlun
- Heimsóknir á fósturheimilið
- Heimkoma undirbúin
- Lokun máls/varanlegt fóstur?

# Styrkt fóstur
# sbr. 4. mgr. 79 gr. barnaverndarlaga.

- Styrkt fóstur á við þegar:
  - nauðsynlegt þykir að koma barninu í fóstur í stað þess að vista það á meðferðarheimili eða stofnun.
  - barnið á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningarlegra og annarra vandamál af því tagi
  - uppfyllt eru skilyrði til að vista barnið á heimili eða stofnun skv. 79. gr. bvl.



# Styrkt fóstur, frh.

- Barnaverndarstofa þarf að meta hvort vandi barns sé það mikill að ástæða sé til að barn fari í styrkt fóstur. SDQ matslistar útfylltir af foreldrum og kennara.

- Markmið með styrktu fóstri er að gera fósturforeldrum kleift að vinna að því að mæta sérstökum þörfum barns í tiltekinn tíma til að aðstoða barnið við að ná tökum á vandamálum sínum og að undirbúa það til þess að lifa heilbrigðu lífi innan samfélagsins að styrktu fóstri loknu.
- Handleiðsla við fósturforeldra.
- Reglulegir samráðsfundir með fósturforeldrum, kynforeldrum og fleiri aðilum.
- Greiðslur í styrktu fóstri eru mun hærri en í tímabundnu fóstri og kemur Barnaverndarstofa einnig að greiðslum til fósturforeldra.

# Varanlegt fóstur
# sbr. 65. gr. barnaverndarlaga

- Í júlí 2014 voru 98 börn í varanlegu fóstri á vegum Barnaverndar Reykjavíkur.
- Börn fara í varanlegt fóstur á öllum aldri og ástæður misjafnar.
- Markmið með varanlegu fóstri er að barn tilheyri fósturforeldrum eins og um eigið barn sé að ræða.
- Takmörkuð umgengni við kynforeldra.
- Lægri greiðslur til fósturforeldra.

# Varanlegt fóstur, frh.

- Starfsmenn fara a.m.k. í eftirlit á fósturheimili tvisvar sinnum á ári eða eftir þörfum.
- Vinnsla barna í varanlegu fóstri getur verið misjöfn.
- Mikil vinnsla í tengslum við umgengni við kynforeldra.
- Algengara í dag að vandi barna sem fara í varanlegt fóstur sé meiri og flóknari en áður. Kallar á meiri vinnslu og hærri greiðslna til fósturforeldra.



# Handbók fyrir fósturforeldra

- Trúnaður.
- Reglugerð um fóstur nr. 804/2004
- Samvinna fósturforeldra og starfsmanna BR
- Reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 858/2013
- Reglugerð um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum nr. 547/2012
- Barnaverndarlög nr. 80/2002
- Umgengni skv. 74 gr. barnaverndarlaga.
- Staðlar Barnaverndarstofu um verkferla vistunar eða fósturs
- Yfirlýsing fósturforeldra um að ofangreind mál hafi verið kynnt fyrir þeim